

RANNSÓKNASKÝRSLUR FORNLEIFAEILDAR 1998

IV

FRUMRANNSÓKN Á MINJUM Á SEYÐISFIRÐI

VEGNA FYRIRHUGAÐRA SNJÓFLÓÐAVARNA

Dagana 7. – 12. júní 1998

Guðmundur Ólafsson



FORNLEIFAEILD ÞJÓÐMINJASAFNS ÍSLANDS
REYKJAVÍK 1998

© Þjóðminjasafn Íslands/Guðmundur Ólafsson
Öll réttindi áskilin

Forsíðumynd sýnir tvö núverandi íbúðarhús í Firði. Gamli bæjarhóllinn sést milli húsanna til vinstri.

Efnisyfirlit:

Frumrannsókn á minjum á Seyðisfirði.....	4
1. Aðdragandi.....	4
2. Vettvangskönnun.	4
2.1 Mylluholt.....	5
2.2 Efri Jaðar.....	5
2.3 Samanburðarsnið.....	5
2.4 Snið 1 – Bæjarhóllinn í Firði - Rúst 001.....	6
2.4.2 Gjóskulög:.....	8
Landnámslagasyrpa 871.....	9
Örefajökull 1362.....	9
a-lagið 1477.....	9
Vatnajökull 1717.....	9
Askja 1875.....	9
Önnur gjóskulög.....	9
2.5 Snið 2 - Við vesturgafli í rúst 003.....	10
2.6 Snið 3 - Í rúst 004.....	10
2.7 Snið 5 - Í rúst 005.....	11
2.8 Snið 4 - Norðan við rúst 005.....	12
2.9. Snið 6 – Yfir suðurvegg rústar 006.....	12
2.10 Snið 7 - Yfir norðurvegg rústar 006.....	13
2.11. Rúst 007.....	13
2.12. Rúst 008.....	14
2.13. Rúst 009.....	14
2.14. Snið 8 – austan við garð 009.2.....	15
2.15. Snið 9 – Í rúst 009.2.....	15
2.16. Snið 10 í túni.....	15
2.17 Snið 11 í snjóflóðagrunn.....	15
0.18 Rústir 011 og 012.....	16
3. Samantekt.....	16
3.1 Landbúnaðarminjar frá 19. og 20. öld.....	16
3.2 Snjóflóðaminjar frá 1885.....	17
3.3 Stríðsminjar.....	17
3.4 Bæjarhóll Fjarðar.....	17
3.5 Kirkja og kirkjugarður.....	17
3.6 Forn tótt í túni.....	17
3.7 Bæjarrúst.....	17
3.7 Vatnsmylla.....	18
4. Niðurstaða.....	18
Kort 1.....	19
Kort 2.....	20
Kort 3.....	21
Snið 1.....	22
Snið 1 Jarðlagagreining.....	23

Frumrannsókn á minjum á Seyðisfirði

vegna fyrirhugaðra snjóflóðavarna.

Dagana 7. – 12. júní 1998

Guðmundur Ólafsson

1. Aðdragandi

Í sambandi við undirbúning að gerð snjóvarnargarða í hlíðum fjallsins Bjólfs fyrir ofan Seyðisfjörð voru gerðar frumathuganir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði á árinu 1997. M.a. fór fram frummat á því hvort einhverjar menningarsögulegar minjar væru í hættu vegna framkvæmdanna.

Í frummatsskýrslu Guðrúnar Kristinsdóttur, minjavarðar Austurlands, dags. 5/11 1997 kom fram að allmargar minjar væru þekktar á þessu svæði, m.a. hið forna bæjarstæði Fjarðar, þar sem talið er að landnámsbýlið hafi staðið, grunnar húsa sem eyddust í snjóflóðinu árið 1885 og hernaðarmannvirki frá síðari heimstyrjöldinni.

Þann 17. febrúar 1998 var á kynningarfundum á Seyðisfirði stefnt saman ýmsum aðilum sem koma að umsögn og ákvarðanatöku um framkvæmdirnar. Sigurður Bergsteinsson fornleifafræðingur sótti fundinn fyrir hönd Þjóðminjasafns Íslands. Hann kynnti afstöðu minjavörslunnar og skoðaði einnig helstu minjastaðina. Var ljóst að miðað við fyrirliggjandi hugmyndir um staðsetningu varnargarða myndu flestar ofangreindra minja hverfa við framkvæmdirnar og yrði því ekki komist hjá því að gera ýtarlega fornleifaskráningu á svæðinu öllu og leggja jafnframt í fornleifarannsókn á merkustu minjunum.

Samkvæmt lauslegri framkvæmda- og kostnaðaráætlun sem fornleifadeild Þjóðminjasafns gerði þann 23. mars 1998 var talið að skráning og frumrannsóknir á minjasvæðinu yrði um 46 dagsverk.

Starfsmenn Fornleifastofnunar fóru til Seyðisfjarðar þann 18. maí og merktu inn á skipulagskort allar helstu landbúnaðarminjar á snjóflóðavarnarsvæðinu og lögðu fram tillögu að rannsóknaráætlun til ársins 2000.

Á fundi sem fulltrúar Framkvæmdasýslu ríkisins og Ofanflóðasjóðs áttu með fornleifadeild Þjóðminjasafns þann 22. maí var fornleifadeild falið að gera frumrannsókn á svæðinu og leggja mat á hvaða rannsóknir þyrftu að fara fram á minjunum vegna framkvæmdanna.

2. Vettvangskönnun.

Frumrannsókn fór fram dagana 6.-12. júní undir stjórn Guðmundar Ólafssonar deildarstjóra fornleifadeildar Þjóðminjasafns. Til aðstoðar var Tryggvi Már Ingvarsson nemi.

Byrjað var á því að kanna svæðið og skoða allar rústirnar sem Fornleifastofnun hafði skráð og merkt inn á kort. Teknar voru ljósmyndir af flestum þeirra. Í ljós kom að hvorki hafði verið merkt við hernaðarmannvirki sem allmikið er af þarna á svæðinu né húsgrunna á snjóflóðasvæðinu frá 1885. Einnig voru allmargir ómerktir reitir í hlíðinni og sem hafa sennilega verið matjurtagarðar.



Mynd 1. Horft til suðvesturs yfir leifar myllukofa norðan undir Mylluholti.

2.1 Mylluholt

Á Mylluholti eru tveir ferhyrindir, samliggjandi reitir um 7x16 m að innanmáli sem hafa líklega verið matjurtagarðar. Ólíklegt er að aðrar minjar séu á sjálfu Mylluholtinu en norðan undir holtinu við lækinn er hins vegar lítil ferhyrnd tóft, um 2 til 3 m í þvermál, sem líklega er leifar af vatnsmyllu og manngerð aðfallsrás að henni. Tóftin gæti verið frá 18. eða 19. öld. Sjá kort 3.

2.2 Efri Jaðar

Slegið var máli á efstu tóftina upp í hliðinni sem gæti verið leifar Efri Jaðars sem var eitt af húsunum sem eyðilögðust í snjóflóðinu 1885. Vesturhlið hennar virðist hafa verið grafinn inn í urð eða skriðu. Hæð þessarar hliðar er um 80-90 cm. Að innanmáli er hún um 5 m löng og um 3 m breið. Veggirnir eru um 1 m breiðir.

Suðurgaflinn er um 30-40 cm hár og markast af steinaröðum við innri og ytri veggjarbrún. Steinarnir eru um 40-50 cm í þvermál. Framhliðin er hlaðin af nokkru minni steinum. Hún virðist hafa riðlast dálítið og er ekki eins há og hinar hliðarnar.

Norðurgaflinn er svipaður að gerð og suðurgaflinn, hlaðinn úr tveimur röðum stórra steina og mold eða gras á milli. Gaflinn er allt að 40-50 cm hár. Ekki er hægt að greina neinn inngang inn í þessa tóft. Inni í tóftinni eru 4-5 stórir steinar allt að 60-70 cm í þvermál.

Tóftinni var til bráðabirgða gefið númerið 101 og myndin sem tekin var af henni var nr. 1998-2-33. Sjá kort 1.

2.3 Samanburðarsnið

Farið var inn í dal og leitað að náttúrulegu rofabarði til að kanna hvort hægt væri að sjá hvaða gjóskulög væru á svæðinu. Skammt ofan við stíflu var tekið snið í rofabarð. Um 20 cm undir yfirborði reyndist vera um 4-6 cm þykkt, slitrótt, grátt gjóskulag. Hugsanlega er þetta a-lagið frá 1477. Grafið var um 1 m niður án þess að



Mynd 2. Horft til norðurs yfir efsta húsgrunninn á Öldunni, líklega leifar Efri Jaðars.

önnur gjóskulög sækjust í sniðinu. T.d. varð ekki óyggjandi vart við gjóskulagið úr Örafajökli 1362 sem ætti að vera um 0,4-0,5 cm þykkt á þessu svæði.¹ Örlitlir ljósir flekkir 3-4 cm undir dökka laginu gætu þó e.t.v. verið slitur af Ö1362.

Auk ofangreinds sniðs voru grafin 11 snið í 7 tættur á svæðinu. Eitt snið, í bæjarhól Fjarðar, var teiknað upp í mælikvarða 1:20. Ekkert sniðanna var staðsett eða hnitsett á korti, enda gert ráð fyrir að það verði gert þegar svæðið verður allt skráð og mælt nákvæmlega.

Hér á eftir fer lýsing á sniðunum sem grafin voru á framkvæmdasvæðinu.

2.4 Snið 1 – Bæjarhóllinn í Firði - Rúst 001.

Bæjarhóllinn er sporöskjulaga um 34 x 22 m að ummáli. Hann hefur líklega verið stærri áður fyrr því svo virðist sem sneitt hafi verið af honum norðanverðum. Þegar hús var reist um 20 m austan við hólinn hefur að auki sennilega verið tekin sneið af austurhluta hans. Sjá kort 1.

Sniðið var tekið í vesturhluta bæjarhólsins. Samkvæmt mælingu sem gerð var með málbandi stefnir sniðið á SV horn hússins. Frá NA horni sniðs eru 34,3 m að suðurhorni hússins og 30,6 m að norðurhorni hússins. Frá NV-horni sniðs voru 35,7 m að NV-horni húss.

Sniðskurðurinn var grafinn nokkurn veginn fyrir miðju frá vesturhlið bæjarhólsins til austurs upp á miðjan hólinn. Skurðurinn var 5,6 m langur, 0,7 m breiður og allt að 1,7 cm djúpur. Sniðteikning og tengsl jarð- og mannvistarlega sett upp skv. “Harris matrix” töflu eru í lok skýrslunnar.

¹ Sigurður Þórarinnsson 1958:74.



Mynd 3. Snið 1 sem grafið var í miðjan bæjarhól Fjarðar (001).

Efst í grasrótinni voru brot úr hvítu leirtaui og smásteinalag úr litlum hellubrotum. Þar undir var nánast ekkert grjót í hólnum, aðeins torf og torfmoldir.

Í vesturhluta skurðarins voru óslitin mannvistarlæg alveg niður að óhreyfðri mold og lá elsta hleðslan ofan á landnámslaginu og í torfi þess mannvirkis var landnámsgjóska.

Undir landnámslaginu var um 1 cm þykkt dökkbrúnt moldarlag sem gæti verið yfirborðslag þegar gjóskan féll. Engin ummerki um mannvist fundust undir landnámsgjóskulaginu.

Austast í skurðinum kom fram gólfskán sem gæti verið frá 18. öld og þar undir voru steinar í innbrún veggjar sem virðist hafa verið grafinn niður í hólinn á síðari tímum, e.t.v. á 17. öld.

Engir munir fundust í skurðinum, ef frá eru talin brot úr hvítu postulíni sem var undir grasrótinni.

2.4.1 Sniðlýsing:

Oft var erfitt að greina milli einstakra mannvistarlaga í sniðinu þar sem bæjarhóllinn er að mestu orðinn til úr torfmoldum veggja. Víða voru skilin óljós og stundum matsatriði hvar setja skyldi skil á milli laga. Án gjóskulaga hefði jarðlagagreiningin orðið illmöguleg. Hér á eftir er lýsing á þeim lögum sem greind voru í sniðinu. Lag sem ekki er hægt að fylgja samfelld er gefið nýtt númer þar sem það birtist aftur.

- Lag 1 Grasrót
- Lag 2 Jarðvegsþykkun, brún mold.
- Lag 3 Smásteinar og postulínsbrot. Sennilega frá síðasta byggingarskeiði bæjarins sem sléttað var út.
- Lag 4 Jarðvegsþykkun, brún mold. Sennilega sama lag og nr. 2.
- Lag 5 Vatnsveituskurður. Skurðurinn liggur skakkt á sniðið og neðst í honum er vatnsrör frá þessari öld.
- Lag 6 Dökkbrúnt torf með dökkri gjósku frá 1477, allt að 3 cm þykk. Torfurnar eru allt að 20 cm langar.

- Lag 7 Dökkbrúnt torf með dökkri gjóska um 1,5 cm þykk og 5 cm löng. Sennilega sama lag og nr. 6.
- Lag 8 Torf og torfusneplar. Grábrúnt, yrjótt, ljósbrúnt, brúnt og dökkbrúnt að lit. Nánast engin gjóska er í þessu lagi.
- Lag 9 Torf og torfusneplar. Grábrúnt, yrjótt, ljósbrúnt, brúnt og dökkbrúnt að lit. Nánast engin gjóska er í þessu lagi nema smástrípur frá 1477
- Lag 10 Grátt og rauðbrúnt torf og torfusneplar. Gjóska frá 1362 kemur fyrst fyrir í torfi í þessu lagi. Lagið gæti verið frá um 1400.
- Lag 11 Stórar rauðbrúnar torfur með gráum og rauðbrúnum strípum. Engin gjóska sást í þessu lagi
- Lag 12 Grá mold með brúnum blettum. Engin gjóska sýnileg í þessu lagi.
- Lag 13 Rauðbrúnt hnausatorf blandað með brúnum, ljósbrúnum og gráum torfusneplum. Í efri hluta lagsins er landnámsgjóska í torfi. Neðst í laginu er dökka gjóskan sem er undir landnámslaginu.
- Lag 14 Grábrúnt mannvistarlag. Ljósbrúnar 1 cm þykkar og allt að 15 cm langar strípur eru í laginu. Í neðri hluta eru allt að 0,6 cm þykkar og 25 cm langar gráar gjóskustrípur úr landnámslaginu, sennilega í torfusneplum.
- Lag 15 Grátt sendið lag með dökkri landnámsgjóska.
- Lag 16 Landnámslagið frá 871-2. Undir því er þunn, dökkbrún óhreyfð mold, e.t.v. gömul grasrót.
- Lag 17 Brún fínkornótt mold. Óhreyft lag.
- Lag 18 Landnámslagið frá 871-2. Undir því er þunn, dökkbrún óhreyfð mold, e.t.v. gömul grasrót.
- Lag 19 Brún fínkornótt mold efst. Malarblendið neðar.
- Lag 20 Grábrún mold. Virðist vera mannvistarlag.
- Lag 21 Rauðbrúnt torf með brúnum og grábrúnum blettum. Hugsanlega lagskipt.
- Lag 22 Grábrún mold. Virðist vera mannvistarlag með ljósum og dökkum þunnum strípum. Í þessu lagi er einnig grófkornótt, ljóst lag sem í fyrstu virtist vera gjóska, en reyndist vera sandur við nánari athugun.
- Lag 23 Grátt torf, með dökkgráum, ljósbrúnum brúnum og dökkbrúnum strípum. Landnámsgjóska í flestum torfum. Virðist vera forn hleðsla úr strengjatorfi. Sennilega frá landnámsöld.
- Lag 24 Landnámslagið frá 871. Undir því er dökkbrún fínkornótt mold, e.t.v. gömul grasrót.
- Lag 25 Brún fínkornótt mold efst. Blönduð mól neðar. Óhreyfð.
- Lag 26 Torfusneplar. Gjóska frá 1477 er í torfinu.
- Lag 27 Torfusneplar. Mjög hreyft lag og laust í sér. Gjóska frá 1477 og 1717 er í laginu.
- Lag 28 Torfusneplar, grábrúnir með brúnum og rauðbrúnum járnútfellingum.
- Lag 29 Grábrúnt torf með rauðbrúnum járnútfellingum.
- Lag 30 Gólfskán, dökk-rauðbrún og lagskipt. Dökk gjóska virðist vera bæði undir og yfir laginu.
- Lag 31 Grábrúnt lag, e.t.v. torf. Með rauðbrúnum járnútfellingum.
- Lag 32 Grjót í vegg. Sennilega ytri veggjarbrún.
- Lag 33 Grjót í vegg. Sennilega innri veggjarbrún á húsi sem er grafið niður í bæjarhólinn.
- Lag 34 Ógrafið svæði. Hugsanlega veggjarhleðsla.
- Lag 35 Hreyfð brún mold með ljósum og dökkum blettum, mjög laus í sér. Dökkir gjóskublettir eru neðst í laginu.

2.4.2 Gjóskulög:

Samkvæmt athugun Magnúsar Sigurgeirssonar jarðfræðings, sem skoðaði gjóskulögin í sniðinu þann 10. júní, má greina eftirfarandi gjóskulög í bæjarhólnum. Þar eð engir munir fundust í sniðinu byggist aldursgreining mannvistarlaga nær eingöngu á afstöðu gjóskulaga í sniðinu.

Landnámslagasyrpa 871

Neðst í sniðinu eru tvö til þrjú gjóskulög í syrpu sem tilheyra landnámslaginu, sem nú er talið hafa fallið árið 871 ± 2 ár.² Landnámslagið er á sínum stað “in situ” neðst í vestari hluta sniðsins ofan á óhreyfðri mold. Lagið er tvílit á Suðvesturlandi en annars staðar er það einlitt. Á Norður- og Austurlandi fylgja Landnámslaginu jafnan 2-3 gjóskulög. Til samans mynda þessi lög s.k. landnámsyrpu sem talið er að hafi orðið til á um 250 ára tímabili. Landnámslagið, sjálft er efst í syrpu. Á Austurlandi er næst neðsta lagið mest áberandi. Það er þeirra þykkast og dökkgrátt eða svart á lit.³

Næst ofan á landnámslaginu eru mannvistarlög og virðist ekki hægt að sjá að nein jarðvegsþykknun hafi átt sér stað á milli þeirra. Landnámslagið sést vel í lagi 23 sem hefur pressast mikið saman og virðist vera leifar veggjarhleðslu. Þetta er elsta mannvirkið sem fannst í hólnum og er frá landnámsöld.

Öræfajökull 1362

Næsta gjóskulag er úr Öræfajökli 1362. Lagið er ljóst og mjög fíngert hér á svæðinu. Það sést í sniðinu sem 1-3 mm þykkar strípur á stöku stað í lagi 10 og yngri lögum.

a-lagið 1477

Svonefnt a-lag frá 1477 finnst í torfi í lagi 9 og yngri lögum. Það er allt að 3 cm þykkt í sumum torfum.

Vatnajökull 1717

Grófkornótt dökk gjóska kemur fyrir ofarlega í sniðinu austanverðu. Það er í lagi 32 sem tilheyrir byggingarskeiði sem hefur verið grafið ofan í bæjarhólinn gegnum eldri mannvistarlög. Í sniðinu er þessi gjóska undir a-laginu. Hún mun þó vera mun yngri og tilheyra lagi frá 1717, sennilega úr Bárðarbungu í Vatnajökli. Hugsanlega hefur gjóskan lent þarna í torfu sem er á hvolfi.

Askja 1875

Öskjugosið frá 29. mars 1875 er rétt undir grasrótinni í lagi 3. Lagið er aðeins um 2-3 mm í bæjarhólnum. Þessi gjóska fannst einnig í torfhleðslum nokkurra annarra tófta sem könnuð voru, m.a. í rúst 006 í túninu þar sem lagið er allt að 4 cm þykkt.

Önnur gjóskulög

Ekki sáust fleiri gjóskulög í sniðinu en við góð skilyrði mun vera hægt að finna fleiri gjóskulög á þessu svæði. T.d. Kötlu frá 1262 og hugsanlega Heklu 1158 og 1300.

Niðurstæða: Með því að bera saman jarðvegsþykknun, byggingarskeið og gjóskulög er hægt að búa til gróft tímatal fyrir mannvistarlögin í sniðinu, þó auðvitað verði að taka því með ákveðnum fyrirvara.

² Karl Grönvold og fl. 1995:150-153. Express letter. Ash layers from Iceland in the Greenland GRIP ice core correlated with oceanic and land sediments. *Earth and Planetary Science Letters* 135.

³ Magnús Á Sigurgeirsson 1993:41-42. Gjóskulög í innanverðum Eyjafjarðardal. *Dagskrá og Ágrip. Vorráðstefna, Jarðfræðafélag Íslands.*



Mynd 4. Horft til austurs yfir rúst 003. Snið 2 var grafið við gaflinn fremst á myndini. Bæjarhóll Fjarðar er fyrir framan húsið ofarlega til vinstri.

Torfið í lagi 23 bendir til þess að byggð hafi hafist í Firði skömmu eftir að landnámslagið féll, þ.e. í lok 9. eða byrjun 10. aldar. Elsta mannvistarlagið virðist vera hluti af torfhleðslu sem hlaðin er úr strengjatorfi eingöngu. Enginn steinn virðist vera í hleðslunni. Vegna þess hve lítill hluti af þessari elstu veggjahleðslu er sýnilegur er ekki hægt á þessu stigi að segja til um hvers konar mannvirki þarna er um að ræða.

Í lögum 22 og 21 eru torfur með færri og dreifðari landnámsgjósku.

2.5 Snið 2 - Við vesturgافل í rúst 003.

Sniðið er um 1,9 m langt, 40 cm breitt og allt að 70 cm djúpt. Það var tekið inn í rústinni við vesturgafllinn. Þar er grjóthleðsla og hugsanlega eitthvað hrun úr gaflinum. Torfið í þessari tótt er með Öskjugjósku frá 1875 alveg niður á 55 cm dýpi. Það bendir til þess að þetta sé ekki ýkja gömul tótt. Blettir af dökkri gjósku, hugsanlega a-laginu, eru á stöku stað í torfusneplum. Inni í húsinu voru nokkrir steinar sem virtust hafa hrunið inn og tveir plankar lágu þar flatir í sniðinu. Engin gólfskán fannst í tóttinni. Óhreyfð mól er á um 70 cm dýpi. Sjá kort 1

Niðurstæða: Rústin virðist vera útihús og ekki vera eldri en frá síðari hluta 19. aldar.

2.6 Snið 3 - Í rúst 004.

Tekið var 2 m langt, 45 cm breitt og um 40 cm djúpt snið inn í þessari rúst sem sást á yfirborði sem dæld í túninu þar sem gróður var mjög frábrugðinn túninu í kring.



Mynd 5. Horft til suðausturs yfir bæjarstæði 005. Gardur virðist hafa verið að húsabaki.

Fljótlega kom í ljós að þarna hafði verið sorpgryfja og alls konar dót grafið þarna. Meðal funda voru glerkrukka, vanilludropaglas, perustæði, rafmagnsvírar, asbest-plötur, lás, steipt rör, dósir, járnarusl og fl.

Gripirnir benda eindregið til þess að gryfjan sé frá þessari öld og ekki þótti ástæða til að rannsaka hana betur. Í suðurenda sniðs var grafið út fyrir gryfjuna og þar voru aðeins um 20 cm niður á óhreyfða möl og engin eldri mannvistarlög voru þar sýnileg sem bent gætu til þess að þar hefði áður staðið bygging. Sjá kort 1.

Niðurstæða: Gryfjan er ekki gömul, gæti verið frá stríðsárunum.

2.7 Snið 5 - Í rúst 005.

Þessi bæjartótt er greinileg á yfirborði. Hún er nefnd Jaðar í fornleifaskrá Seyðisfjarðar en ekki hefur fengist staðfesting á hvort það sé rétt. Samkvæmt lýsingu Haraldar Guðmundssonar í Firði voru bæirnir Efri- og Neðri Jaðar miklu ofar í hlíðinni. Sjá kort 1.

Um 140 cm langt og 55 cm breitt snið var grafið við miðjan vesturgافل tóttar í miðjum bænum. Tveir 35 – 40 cm háir steinar ofan á hvor öðrum, mynda gaflinn sem er um 70 cm hár. Við botn neðri steinsins er 15 cm þykk gólfskán. Neðri brún hennar er á 60 cm dýpi. Grafið var niður úr gólfskáninni og eru torfusneplar alveg niður á 90 cm dýpi. Þar undir eru líka steinar sem ekki var hægt að greina hvort væru úr skriðu, hrundum vegg eða í hleðslu.

Gjóska frá 1717 var undir gólfskáninni og gjóska úr Öskju frá 1875 var í torfi.

Tveir háspennustaurar og stög í þá standa í tóttunum.

Niðurstæða: Gjóskan bendir til þess að efsta rústin sé ekki eldri en frá 19. öld og að eldri minjarnar geti vart verið eldri en frá 17. – 18. öld. Kanna þarf betur eldri mannvistarlög á þessum stað.



Mynd 6. Horft til austurs yfir snið 6. Hvítu rákirnar í sniðinu fyrir miðri mynd er gjóska frá 1875 í föllnum torfvegg. Steinaröðin til hægri tilheyrir undirstöðu suðurveggjar.

2.8 Snið 4 - Norðan við rúst 005

Grafið var 2,5 m langt, 60 cm breitt og allt að 40 cm djúpt upp að norðurhliðinni utanverðri. Syðst í sniðinu eru tveir 60 cm stórir steinar sem tilheyra sennilega undirstöðuhleðslu norðurhliðar bæjarins. Þeir eru um 30 cm undir núverandi yfirborði. Norðan við þessa steina er grjótdreif smærri steina í allt að 1,2 m út frá veggnum og sem gætu verið hrun úr veggnum. Þar norðan við er aðeins rauðbrún óhreyfð mold. Þessi mold er líka undir rústunum. Yfir steinunum er ekki hægt að sjá móta fyrir neinum mannvistar- eða gjóskulögum. Þar er aðeins brún mold. Nyrst og neðst í sniðinu er dökkt gjóskulag ofan á óhreyfðri mól á 40 cm dýpi.

Niðurstaða: Lítið er til marks um aldur mannvirkis út frá þessu sniði. Miðað við hve formlaust torfið er virðist hleðslan vera úr umrótuðum jarðvegi og ekki vera mjög gömul. Sennilega frá 19. öld.

2.9. Snið 6 – Yfir suðurvegg rústar 006.

Þessi rúst er í túninu og virtist á loftmynd geta verið mjög gömul. Til dæmis hafði verið bent á að hún líktist fornum skála að útliti. Sjá kort 2.

Grafið var 4 m langt og 60 cm breitt snið þvert yfir suðurvegg rústarinnar. Náði það bæði inn fyrir og út fyrir vegginn sem er um 1 m breiður. Ytri veggjarbrún markast af einfaldri röð 20-30 cm steina sem var grafin fram á um 1,4 m löngum kafla. Í ljós kom að hleðslurnar eru mjög ungar. Í torfvegg sem hefur sennilega fallið inn í tóftina voru hnausar upp á rönd með allt að 3-4 cm þykku gjóskulagi úr Öskju 1875. Hnausarnir eru allt að 25 cm breiðir og 10 cm þykkir. Þarna er líka rauðbrúnt torf í hleðslum. Um 50 cm eru niður á óhreyfða mól. Öskjugjósku er hægt að finna allt niður á 45 cm dýpi.

Mjög grunnt var niður á óhreyfða mól sunnan við rústina og engin mannvistarlög sýnileg. Engin gólfskán var sýnileg innan í tóftinni.



Mynd 7. Forn torfhleðsla í sniði 7 undir norðurvegg tóftar 006 frá 19. öld. Neðsta dökka lagið er landnámslagið ofan á óhreyfðri möl.

Niðurstaða: Tóftin er sennilega ekki eldri en frá síðari hluta 19. aldar.

2.10 Snið 7 - Yfir norðurvegg rústar 006

Um 1,8 m norðan við snið 6 var grafið nýtt snið yfir norðurvegginn. Það er 2,2 m langt og 60 cm breitt. Botn sniðsins er á um 50 cm dýpi þar sem komið er niður á óhreyfða möl. Fyrir miðju sniði er norðurveggur tóttarinnar sem búið var að finna í sniði 6. Hann er um 1,1 m breiður. Innri og ytri veggjabrúnir markast af einföldum steinaröðum, um 10 cm undir yfirborði, svipað og suðurhliðin. Á milli þeirra er torf með gjósku úr Öskju 1875 og grjóti. Í miðjum veggnum er stór steinn, um 40 cm í þvermál, sem bendir til að þarna séu fleiri en eitt byggingarskeið. Yngsta tóftin hefur verið um 4 m breið að innanmáli.

Undir steinaröðinni virðist vera eldri hleðsla með rauðbrúnum og dökkum strípum. Sjá má í henni 4-5 lög af torfum þó að hleðslan sé ekki nema um 15 cm þykk.

Ef gjóskan í neðri hleðslunni er úr landnámslaginu er að öllum líkindum mjög fornt mannvirki að ræða, hugsanlega frá svipuðum tíma og elstu mannvistarleifarinnar í bæjarhól Fjarðar.

Ofan á mölinni er landnámslagið óhreyfð. Hugsanlega má greina allt að 2 cm þykkt jarðvegslag áður en hleðslan kemur ofan á það.

Niðurstaða: Tóftin sem mótaði fyrir á yfirborði virðist ekki vera eldri en frá lokum 19. aldar. Undir norðurhluta hennar eru leifar af eldra mannvirki sem full ástæða er til að rannsaka betur.

2.11. Rúst 007

Tóftin er rétt utan við túngirðingu. Hún er ferhyrnd og um 3 m breið og 4 m löng að innanmáli. Veggirnir eru um 1 m að þykkt og allt að 30 cm háir við innbrún en verða allt að 60 cm háir við austurhlið þar sem stórir steinar mynda austurhlið.



Mynd 8. Horft til austurs yfir rúst 009 sem er til vinstri og 009.2 sem er þúfnaröðin undir brekkunni til hægri. Gamall vegarslóði liggur í sveig austan við rústirnar.

Við norðvesturhornið er stór steinn, um 1 m í þvermál, sem myndar innbrún veggjarins. Inngangur er sennilega á miðri vesturhlið. Tóttin er gróin og greinileg og virðist ekki vera mjög gömul. Hugsanlega hefur tóttin náð eithvað aðeins inn fyrir girðingu, en það er ekki merkjanlegt á yfirborði. Norðurgaflinn virðist hafa hrunið út og er þar rúmlega 2 m breiður þar sem hann er breiðastur.

Niðurstæða: Rústin er sennilega vart eldri en frá síðari hluta 19. aldar. Hugsanlega yngri.

2.12. Rúst 008

Rústin er grasi gróin og greinileg, um 4 x 4 m að innanmáli. Veggirnir eru um 1 – 1,2 m að þykkt. Inngangur virðist hafa verið á miðri vesturhlið. Veggjahæð er allt að 60 cm við ytri brún austurhliðar en við innri brún eru veggir aðeins um 30 cm háir.

Niðurstæða: Tóftin virðist ekki vera gömul, sennilega frá síðari hluta 19. aldar.

2.13. Rúst 009

Rústin er hlaðin úr grjóti. Að innanmáli er hún um 2,50 m á breidd og um 3,60 m að lengd. Hleðslurnar standa allvel. Hæstar eru þær við norðvesturhornið um 1,30 m að hæð. Vesturhliðin hefur verið grafin inn í hlíðina og grjótveggur hlaðinn upp þar fyrir framan. Austurhliðin er um 1 m breið og um 80 cm há. Inngangurinn er austast á suðurgafli, um 90 cm breiður.

Í einu horni er bárujárnsplata úr áli, hugsanlega af þaki hússins.

Niðurstæða: Rústin virðist ekki vera ýkja gömul sennilega útihús frá þessari öld.

Þess má geta að framhjá rúst 009 liggur niðurgrafinn skorningur sem virðist geta hafa verið gamall vegur. Hugsanlega er þetta hluti af hinni fornu þjóðleið sem lá þarna í hlíðinni.

2.14. Snið 8 – austan við garð 009.2.

Undir brekkunni, rétt sunnan við rúst 009 er grasi gróinn garður. Hann virtist vera hluti af tóft þar sem vestari hliðin er grafin inn í hlíðina en austurhliðin hlaðin meðfram hliðinni. Að innanmáli er þessi laut rúmir 2 m á breidd og allt að 6 löng. Við norðurendann, sem liggur aðeins hærra, er dálítill hvilft um 2x2 m sem mætti vel túlka sem kró og staðurinn hefur því mörg einkenni stekks. Greinilega hefur fallið skriða úr brekkunni fyrir ofan sem virðist hafa myndað hluta þessarar upphækkunar.

Austurhliðin er um 1 m breið. Við innbrún virðist mega merkja gisna röð af allt að 40 cm stórum stórum steinum, en ytri veggjabrún virðist hafa hrunið allmikið út og er aflíðandi halli frá henni austurs og er allt að 2 m breiður neðst. Garðurinn er um 30 cm hár við innbrún en allt að 50-60 cm hár við ytri brún.

Grafið var snið upp að þessum garði. Það var um 2,6 m langt og um 50 cm breitt. Ekki reyndist unnt að greina neina grjóthleðslu í garðinum þó að allmikið væri þar af grjóti á um 80 cm breiðu svæði vestur af garðinum. Allir steinarnir sem sáust voru fremur smáir, um 20 – 30 cm í þvermál. Þeir liggja mjög óreglulega og er ekki hægt að sjá að þeir myndi hleðslu.

Vestast í sniðinu, þar sem veggjarhleðslan hefði átt að vera, komu í ljós leifar af ryðguðum niðursuðudósum og gamall dósaopnari af dósaloeki á um 60-70 cm dýpi. Þessi fundur bendir til þess að herinn hafi haft þarna einhvers konar aðstöðu og grafið niður rusl. Önnur mannvistarlæg voru ekki sýnileg.

Ljósgrátt gjóskulag úr Öskju 1875 var um 10 cm undir yfirborði austast í sniðinu og lá upp að garðinum. Gjóska var einnig inn á milli steinanna. Þykkt dökkgrátt gjóskulag var nokkru neðar og inn á milli steinanna.

Óhreyfð möl var á 40 cm dýpi.

2.15. Snið 9 – Í rúst 009.2.

Grafin var lítil hola inn í tóftinni um 50 x 60 cm í þvermál. Þar fannst byssukúla (F.1) á um 30 cm dýpi. Grafið var niður á 60 cm dýpi þar sem komið var niður á óhreyfða möl. Hvorki sáust gólf né önnur mannvistarlæg í sniðinu, en Askja 1875 var á 35 cm dýpi. Hætt var frekari uppgrefti við svo búið. Sjá kort 2.

Niðurstæða: Óvíst er að þarna sé um mannvirki sé að ræða. Hugsanlega hefur garðurinn myndast þegar skriða féll úr hlíðinni fyrir ofan. Ekki er þó alveg hægt að útiloka þann möguleika að þarna hafi getað verið stekkur frá aldamótum. Sennilega hafa hermenn hafst þarna við á stríðsárunum og grafið sorp sitt niður í garðinn.

2.16. Snið 10 í túni.

Snið var tekið efst í túni á milli rústar 003 og 004 til að kanna hvort greina mætti mannvistarlæg og jarðvegsþykknun í túninu. Það var 110 cm langt og 60 cm breitt og 40 cm djúpt. Engin mannvistarlæg fundust í sniðinu en dökk gjóska var á 20 cm dýpi. Óhreyfð möl var á 40 cm dýpi.

2.17 Snið 11 í snjóflóðagrunn.

Ofarlega í fjallinu er niðurgrafin tótt, um 4 x 3,6 m að innanmáli. Talið var að þetta væri grunnur eða kjallari húss sem fór í snjóflóði árið 1885. Bárújárn var sýnilegt á yfirborði í einu horni grunnsins. Sjá kort 1.

Grafið var 180 cm langt og 40 cm breitt snið í tóttina við norðurvegginn innanverðan. Í ljós kom að grunnurinn hafði verið grafinn niður í óhreyfða möl, svo að sniðið varð



Mynd 9. Horft til norðvesturs yfir sundlaug 012 og búningsklefa 011.

aðeins um 10-30 cm djúpt. Engin mannvistar- eða gjóskulög fundust í sniðinu. Einu minjarnar sem fundust voru leifar af strigapoka.

Niðurstaða: Ef ekki er meira að finna í öðrum grunnum snjóflóðahúsanna virðist uppgröftur skila litlum árangri. Sennilega er lítið eftir af húsunum enda mun grjót hafa verið tekið úr þeim um 1930 til að nota í hleðslur umhverfis Lónið.

Nægilegt ætti að vera að skrá og mæla rústirnar nákvæmlega og taka prufuholur á stöku stað. Rétt væri að grafa upp einn grunn til samanburðar.

0.18 Rústir 011 og 012

Í ljós kom við frumrannsókn að rúst 012 er stíflugarður sem var hlaðinn til að mynda sundlaug sem var í notkun um aldamótin. Rúst 011 mun vera leifar búningsklefa sem stóð við sundlaugina. Sjá kort 3.

3. Samantekt

Á svæðinu sem fer undir snjóflóðagarða og efnistöku vegna þeirra eru fjölmargar menningarsögulegar minjar sem flestar munu hverfa. Þær eru misgamlar og mismærkilegar og hægt að flokka þær niður í eftirfarandni megintegundir.

3.1 Landbúnaðarminjar frá 19. og 20. öld

Gera má ráð fyrir að á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði séu a.m.k. um 15-20 landbúnaðarminjar. Þetta eru einkum útihús svo sem fjárhús, hlöður, stekkir, réttir, o.s.frv.

Frumrannsókn bendir til þess að flestar þeirra séu sennilega frá síðari hluta 19. aldar og fyrri hluta 20. aldar. Þessar minjar þarf að skrá og mæla nákvæmlega inn á kort, en ekki er talin þörf á að rannsaka þær með uppgrefti.

3.2 Snjóflóðaminjar frá 1885

Í öðru lagi eru minjar sem tengjast sögu Seyðisfjarðar með óhugnanlegum hætti. Það eru grunnar húsa sem fóru í snjóflóðinu 18. febrúar árið 1885, þegar 14 íbúðarhús og mörg önnur eyðilögðust í snjóflóði og 24 manns létust en fjölmargir slösuðust.

Rústir þessara húsa eru víða sýnilegar upp í fjallinu. Margar eru mjög illa farnar og stafar það sennilega einkum af því að efni var tekið úr grunnum þeirra um 1930 þegar verið var að hlaða umhverfis lónið og að þarna voru nokkur hernaðarumsvif í síðari heimstyrjöldinni. Frumrannsókn bendir til þess að fornleifarannsókn á þessum minjum muni ekki bæta miklum upplýsingum við um þessi hús, en sjálfsagt er að skrá þessar minjar eins ýtarlega og kostur er.

3.3 Stríðsminjar

Í þriðja lagi eru minjar frá veru hersins á Seyðisfirði í síðari heimsstyrjöldinni. Stríðsáraminjarnar skipta einhverjum tugum en þær hafa ekki verið taldar eða skráðar, þar á meðal eru fjölmargar skotgrafir, byssuhreiður og ýmiskonar byrgi. Þessar minjar þarf að skrá og kortleggja á sama hátt og aðrar minjar.

3.4 Bæjarhóll Fjarðar

Í fjórða lagi er á svæðinu bæjarhóll Fjarðar, þar sem talið er að Bjólfur landnámsmaður hafi reist bæ sinn.

Frumrannsókn hefur leitt í ljós mannvirki og mannvistarleifar allt frá 10. öld til upphafs 20. aldar. Þar sem aðeins hefur verið grafinn fram tæplega 1 fermetri elsta mannvirkisins er á þessu stigi ekki unnt að greina um hvers konar mannvirki er að ræða að öðru leyti en því að það er torfhleðsla sem hlaðin er úr streng.

Svo virðist sem snjóvarnargarður 2 lendi svo nálægt hólnum að ekki verði komist hjá einhverju raski á honum vegna framkvæmdanna. Því er nauðsynlegt að rannsaka hann áður með fornleifagrefti. Það er allumfangsmikil rannsókn sem þarf að hefja þegar á þessu ári, ef takast á að ljúka henni árið 1999.

3.5 Kirkja og kirkjugarður

Í heimildum er þess getið að kirkja og kirkjugarður hafi verið í Firði í Seyðisfirði sem lagst hafi af um 1600.⁴ Engar upplýsingar eru í dag til um hvar hún hafi staðið og ekki sést móta fyrir henni á yfirborði eða á loftmyndum. Ekki er vitað til að mannabein hafi nokkru sinni fundist á þessu svæði.

Frumrannsókn hefur ekki leitt neitt nýtt í ljós um staðsetningu kirkjunnar. Ef þarna hefur verið kirkja virðast mestar líkur til þess að hún hafi staðið norðan við bæjarhólinn, þar sem einhver af nyrstu Fjarðarhúsunum standa í dag. Ástæða er talin til að gera nokkra leit að kirkju og kirkjugarði vegna fyrirhugaðra snjóflóðavarnarframkvæmda, en líklegt má telja að hann sé í næsta nágrenni bæjarhólsins.

3.6 Forn tótt í túni

Sunnarlega í túni Fjarðar, undir rúst 006, kom í ljós hleðsla sem gæti verið forn, e.t.v. frá landnámsöld. Þessi tóft lendir undir snjóvarnargarði og þarf að rannsaka hana nánar og ganga betur úr skugga um gerð hennar og aldur.

3.7 Bæjarrúst

Frumrannsókn gat ekki með fullri vissu skorið úr um aldur þessa bæjar. Þeir hlutar hans sem rannsakaðir voru bentu til þess að hann væri ekki eldri en frá 17.-18. öld.

⁴ Sveinn Nielsson. Prestatal og prófasta I. 2. útg. Reykjavík 1949:20.

Þess ber þó að geta að hann er um 29,5x15 m að ummáli og eldri leifar gætu leynst undir svæði sem ekki var kannað. Full ástæða er til að skrá og mæla rústirnar nákvæmlega og kanna betur hvort þar séu eldri rústir undir bæjarrústunum sem sjást á yfirborði.

3.7 Vatnsmylla

Við frumrannsókn fannst lítil myllutótt frá 18. eða 19. öld norðan undir Mylluholti. Þessa rúst er ástæða til að rannsaka með uppgrefti.


4. Niðurstaða

Að mati fornleifadeildar Þjóðminjasafns Íslands á framkvæmdasvæði fyrirhugaðra snjóflóðavarna á Seyðisfirði, hefur frumrannsókn leitt til eftirfarandi niðurstöðu varðandi minjarnar ef tryggja á með fullnægjandi hætti söfnun og varðveislu gagna og upplýsinga um menningarsögulegar minjar sem hverfa munu við gerð snjóflóðavarnargarðanna.

- Rannsaka þarf að fullu með uppgrefti
 - ◆ rúst 001, hinn forna bæjarhól Fjarðar.
 - ◆ rúst 006, forna rúst í túni Fjarðar.
 - ◆ Myllutótt.
- Rannsaka þarf að hluta með uppgrefti
 - ◆ rúst 005, bæjarrúst frá 17.- 19. öld.
- Könnunarskurði þarf að grafa á nokkrum stöðum í nánasta umhverfi bæjarhóls Fjarðar vegna kirkju og kirkjugarðs.
- Fornleifaskráning þarf að fara fram á öllu svæðinu og allar minjar mældar upp og kortlagðar nákvæmlega.


Með hliðsjón af umfangi nauðsynlegra rannsókna þurfa þær að hefjast haustið 1998 svo að rannsóknir þurfi ekki að tefja fyrir framkvæmdum.

Guðmundur Ólafsson
deildarstjóri fornleifadeildar




Kort 1.

Loftmynd af bæjarhól númer 1 og minjum númer 3-5. Staðsetning á sniðum 1-5 og S-11 er merkt inn á kortið.




Kort 2.

Loftmynd af bæjarhól númer 1 og minjum númer 6-9. Snið 1-3 og S-6 til S-9 eru merkt inn á kortið.




Kort 3.
Loftmynd sem sýnir staðsetningu minja númer 10-12 og myllukofa norðan undir Mylluholti.

Bæjarhóll



Snið 1.

Sniðið var grafið var inn í bæjarhól Fjarðar, rúst númer 001. Sjá lýsingu á bls. 6-9. Sniðið sýnir mannvistarleifar frá 10. öld til upphafs 20. aldar.



Snið 1 Jarðlagagreining.

Greining á jarðlögum sem fundust í sniði 1 og áætlaður aldur þeirra.